



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1335

FUNDARBOÐ

**1335. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
8. júní 2021 og hefst kl. 17:00**

1. 2101231 - Skýrsla bæjarstjóra 2021

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 24. febrúar sl.

2. 2106025 - Kosning í ráð og nefndir 2021

Kosningar og tilnefningar í ráð samkvæmt Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar nr. 696/2013.

3. 2009164 - Betri vinnutími - stytting vinnuvikunnar hjá Akraneskaupstað

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 20. maí sl. að framlengja starfstíma stýrihóps um styttingu vinnuvikunnar hjá Akraneskaupstaðar út árið 2021. Hjalagt er uppfært erindisbréf sem óskast staðfest í bæjarstjórn Akraness.

4. 2103152 - Aðalfundur aukaaðalfundur 2021 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Fundargerð aukaaðalfundar HeV frá 20. maí 2021 og samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (vegna Kjósarhrepps).

Bæjarráð samþykkti breytta heilbrigðissamþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sem afgreidd var með jákvæðum hætti á aukaaðalfundi eigenda þann 20. maí síðastliðinn. Breytt samþykkt felur í sér að Kjósarhreppur verður hluti af starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

5. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar

Skipulags- og umhverfiráð lagði til á fundinum sínum þann 3. maí síðastliðinn að fyrirbyggjandi umhverfisstefna Akranesskaupstaðar verði samþykkt í bæjarstjórn Akraness.

Bæjarráð samþykkti umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar á fundi sínum þann 27. maí sl. og aðgerðaráætlun vegna tímabilsins 2021 til og með 2025.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu.

6. 2105143 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3A - breyting

Lögð fram breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis áf. 3A, sem felur í sér að koma fyrir þremur einbýlishúsum í stað raðhúsa. Breytingin er gerð vegna umferðaöryggis við Akralund.

Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að breytingin verði samþykkt skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

7. 2104190 - Höfðasel 4 matshluti 4 - umsókn um byggingarleyfi

Bygging á Höfðaseli 4 grenndarkynnt skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 14. maí til 11. júní 2021. Aðilar sem fengu grenndarkynningu hafa svarað og gera ekki athugasemd við byggingarleyfið.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja fyrirhugaðar framkvæmdir.

8. 2105139 - Jaðarsbakkar útisvæði - viðauki við fjárhagsáætlun

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 27. maí sl. að veita viðbótarfjármagn að fjárhæð kr. 7.500.000 inn á deild 06610-4990 vegna aðkeyprar þjónustu sem felst í slætti á æfingasvæði Jaðarsbakka en liðurinn féll út við gerð áætlunar 2021.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 15 að fjárhæð kr. 7.500.000 sem færast á deild 06610-4990 og er mætt með tilfærslu af deild 20830-4990 að fjárhæð kr. 2.000.000 og með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi að fjárhæð kr. 5.500.000.

Bæjarráð vísar viðaukanum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu.

9. 1906065 - Umboð til handa bæjarráði í sumarleyfi bæjarstjórnar

Bæjarstjórn samþykkir að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði þriðjudaginn 24. ágúst nk.

Bæjarráði verði falin fullnaðarafgreiðsla mála í samræmi við 50. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.

Fundargerðir til kynningar

10. 2101002 - Fundargerðir 2021 - Bæjarráð

3459. fundargerð bæjarráðs frá 27. maí 2021 lögð fram til kynningar.

3460. fundargerð bæjarráðs frá 3. júní 2021 lögð fram til kynningar.

11. 2101005 - Fundargerðir 2021 - Skipulags- og umhverfisráð

199. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 31. maí 2021.

200. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 7. júní 2021.

12. 2101004 - Fundargerðir 2021 - Skóla- og frístundaráð

163. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 1. júní 2021.

162. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 26. maí 2021.

13. 2101003 - Fundargerðir 2021 - Velferðar- og mannréttindaráð

155. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 2. júní 2021.

14. 2101117 - Fundargerðir 2021 og tilkynningar - Samband íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. maí 2021.

898. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. maí 2021.

Næsti fundur bæjarstjórnar að loknu sumarleyfi verður þriðjudaginn 24. ágúst næstkomandi.

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.